

Nr. 1259

18. desember 2017

REGLUR um breytingu á reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 9. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Nemendur sem lokið hafa námi í hjúkrunarfræði frá erlendum háskólum og hafa fengið hjúkrunarleyfi í heimalandi geta sótt um undanþágu frá því að gangast undir inntökupróf í hjúkrunarfræðideild. Sviðsstjóri kennslusviðs tekur ákvörðun um hvort fallist er á undanþágubeiðni, að fenginni umsögn deildar, sbr. einnig ákvæði 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 um inntöku stúdenta. Við mat á umsókn um undanþágu er tekið mið af fyrra námi umsækjanda og umsögn frá embætti landlæknis um hæfi umsækjanda til að fá íslenskt hjúkrunarleyfi, þ.e. hvaða námskeið eða klíníkska þjálfun umsækjanda vantar til að fá íslenskt hjúkrunarleyfi.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 18. desember 2017.

Jón Atli Benediktsson.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2018